

Tálknafjarðarhreppur
Strandgötu 68
460 TÁLKNAFIRÐI

Garðabær, 5. maí 2023
Málsnúmer: 202303-0067
IAS

Efni: Umsögn um vinnslutillögu Aðalskipulags Tálknafjarðar 2019-2039.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps, dags. 29. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu Tálknafjarðarhrepps 2019-2039.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir vinnslutillöguna og er með eftirfarandi ábendingar og athugasemdir.

Fram kemur í tillögunni að engin friðlýst svæði eru í Tálknafjarðarhreppi, þar eru ekki nein svæði á B-hluta náttúruminjaskrár en þrjú mikilvæg fuglasvæði eru innan eða ná að hreppnum. Þrjú svæði njóta hverfisverndar, einkum vegna sérstæðs fuglalífs, gróðurs, útivistargildis og söguminja. Þetta eru svæði frá Sellátrum að Kálfadal, Suðureyri og Sveinseyri. Til viðbótar má nefna að í Norður-Botni eru sandmaðksleirur með hátt verndargildi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og eru á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem ber að vernda auk þess að vera forgangsvistgerð við val Náttúrufræðistofnunar á B-hluta Náttúruminjaskrár (<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/sandmadksleirur>).

Nokkur ný efnistökusvæði eru í vinnslutillögunni og er efnistaka á nokkrum þeirra þegar hafin.

Taka á meira en 50 000 m³ úr storkubergsnámu í Höfðadal (E-1) en samkvæmt námuskrá Vegagerðarinnar er sú náma frágengin með vottun.

Fyrirhugað er að taka allt að 25 000 m³ úr bergnámu við Hálfðánarvatn en erfitt er að átta sig á staðsetningu hennar. Í námuskrá Vegagerðarinnar er opin náma við Hálfðánarvatn en hún er í Vesturbyggð og á öðrum stað en E-5 er sýnd á Sveitarfélagsuppdrættinum sem fylgir vinnslutillögunni. Náma E-5er á óröskuðu svæði skv. Loftmyndum á map.is.

Áætlað er að taka meira en 50 000 m³ úr malarhjalla við Stóra Laugardal (E-7) en samkvæmt námuskrá Vegagerðarinnar er efnistöku þar lokið en náman ófrágengin. Ekkert er fjallað um það hvernig fyrirhugað sé að ganga frá námunni að efnistöku lokinni. Almennt er þörf á að kanna gildi jarðmyndana í lausum jarðlögum í tengslum við jöklunarsögu Vestfjarða s.s. forn sjávarstaða, jökulurð o.fl. svo hægt sé að meta gildi jarðmyndana sem fyrirhugað er að nýta.

Einnig er áætlað að taka meira en 50 000 m³ úr opinni námu í skriðu við Deildarhrygg. Þegar þetta mikið efni er tekið úr skriðu verður erfitt að ganga frá námunni að efnistöku lokinni en ekkert er minnst á frágang á námunni að í lýsingunni.

Loks eru tvær nýjar námur í árfarvegi Botnsár, allt að 30 000 m³ efnistaka er fyrirhugað úr hvorri fyrir sig. Efnistaka virðist hafin í þeim báðum. Þetta mikil efnistaka í virkum árfarvegi



hefur víðtæk áhrif á rof og setmyndun annars staðar í ánni auk þess sem leirurnar og lífríki þeirra eru háðar framburði Botnsár. Því er afar mikilvægt að rennsli árinna sé óheft til sjávar.

Nokkur skógræktarsvæði er sýnd á skipulagsupprætti en það eru svæði sem þegar hefur verið gróðursett í og hafa á einhverjum tíma fallið undir Skógræktina eða eru einkaskógrækt. Um fjögur stærstu svæðin eru í gildi samningar um nytjaskógrækt.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur